

Umsögn íbúaráðs Grafarvogs dags. 1. september 2021 um drög að Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar:

Íbúaráð Grafarvogs fagnar öllum áformum um aukið íbúalýðræði eins kynnt er í nýútkomnum drögum að Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Íbúar hafa lengi kallað eftir að meira sé hlustað á þá og farið eftir áskorunum, óskum, beiðnum og samþykktum sem komið hafa frá íbúum beint eða ýmsum samtökum þeirra. Sama með efndir á verkefnum á borð við Hverfið mitt.

Þessar tillögur eru mjög metnaðarfullar og nokkuð ljóst að sumar þeirra verða erfiðar í framkvæmd. Við nefnum íbúakviðdóm sem dæmi.